

Menning

Menning

Menning

Menning

inn raðar gjarnan inn á myndflötinn minni form- og litaandstæðum sem trufla og sprengja upp hið hvíta flæði. Myndirnar byggja enn á formfestu fyrri mynda en gefa nú auk þess blæbrigðaríka sjónræna upplifun. Myndin Kínverskt ljóð er eflaust ein athyglisverðasta mynd sem komið hefur frá listamanninum á síðastliðnum mánuðum. Þar samræmir hann bæði hárfint línuspil og hvika virkni flatarins.

Einn myndhöggvari

Eini septembermyndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson sýndi okkur meira en 20 skúlptúra. Þegar gengið er á milli þessara mynda fær maður auðveldlega á tilfinninguna að listamaðurinn leiki sér með náttúruna. Þetta eru oft trédrumbar teknir beint úr náttúrunni eða rekaviður, sem listamaðurinn umbreytir samkvæmt listrænum ásetningi. Og þá virðist

Sigurjón í nokkrum myndum aðeins velja og rétt hagræða þeim formum sem náttúran sjálf hefur skapað. Það er eins og listamaðurinn vilji draga upp í verkum sínum tvær kunnar andstæður þ.e. annars vegar náttúruna með sínum tilviljunarkenndu sérkennum og tíma og hins vegar hugvitsemi mannsins sem rökræðilega mótar í efnið geometriskt eða lýriskt táknmál.

Septem í 10 ár

Septembersýningin 1982 var tíunda samsýning hópsins. Og þegar lítið er yfir framleiðslu þeirra féлага þennan áratug er greinilegt að allir þessir listamenn hafa tekið miklum breytingum og unnið rökrétt og markvisst að eigin myndverki. Allt eru þetta „professional“ listamenn, sem öðlast hafa í hinni myndrænu vinnu sjálfstæðan listpersónuleika þó að upprunann megi eflaust finna í evrópsku abstraktmálverki 5. og 6. áratugarins.



Múrinn eftir Sigurjón Ólafsson. Tvær kunnar andstæður: náttúran með sínum tilviljunarkenndu sérkennum og maðurinn sem rökræðilega mótar ákveðið táknmál í efnið. Ljósm. GBK.


Þá er það athyglisvert að „listmennt“ þeirra septemanna ekki frekar en annarra íslenskra listamanna byggist ekki á hugmyndfræðilegum speculationum heldur frekar á myndrænni reynslu, þar sem listamaðurinn vinnur sig frá einni mynd til

annarrar, frá einum stíl til annars. Þannig verður „menntunarþróunartíminn“ oft eðlilega langur og skýrir það eflaust hversu hægt íslenskir listamenn þróast eða breytast. En þó gerjunin hefði í fyrstu verið hæg, er greinilegt að þeir septemfélagar hafa

allir komist að persónulegum niðurstöðum í listinni.


Það er því vissulega tilefni til að óska þessum sjö vaxtarbroddum íslenskrar myndlistar allra heilla og ríkrar vinnusemi á komandi árum.

-GBK.



Uppstilling '82 eftir Valtý Pétursson. Málverkið er rökrétt samsetning geometriskra eininga sem þýðir og lýsir nærtækum veruleika.

alt sem hugurinn girnist frá Quelle



Stærsta póstverslun í Evrópu.

Quelle pöntunarlistinn með haust- og vetrartískunni 82/83 er nærri þúsund blaðsíður, uppfullar af vönduðum þýskum varningi. Úrvalsfatnaður á alla fjölskylduna, skór, töskur, skartgripir, húsbúnaður, heimilistæki, leikföng, já allt sem hugurinn girnist. Allt gæðavörur á hagstæðu verði. Öruggur afgreiðslumáti.

Vinsamlegast klippið þennan hluta auglýsingarinnar frá og sendið okkur eða hringið — ef þér viljið kaupa Quelle pöntunarlistann. Verð listans er kr. 72 auk póströfugjaldsins.

Quelle-umboðið Pósthólf 39, 230 Njarðvík. Sími 92-3576.

Afgreiðsla í Reykjavík Laugavegi 26, 2.h. Sími 21720.

Nafn sendanda _____

heimilisfang _____

sveitarfélag _____ póstnúmer _____

Quelle umboðið sími 21720